

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara**

110. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn fimmtudaginn 26. Janúar 2023. Fundurinn fór fram í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 og hófst hann kl. 8:15.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Anna Guðrún Jóhannesdóttir (AGJ) og Hreiðar Oddsson (HO). F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir (RG) og Bjarni Ómar Haraldsson (BÓH) sem einnig ritaði fundargerð.

Nýir fulltrúar FG í samstarfsnefnd boðnir velkomnir .

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA

Niðurstaða:

Málið rætt.

2. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara. Málsnr. 2208027SA

Niðurstaða:

Málið rætt. Ákveðið að setja málið í sameiginlegt ferli með þeim stéttarfélögum KÍ sem eiga aðild að samkomulagi um barnsburðarleyfi kennara. MM hefur frumkvæði í málinu.

3. Framkvæmd vinnuveitenda að greiða leiðbeinendum ekki laun fyrr en undanþága frá Menntamálastofnun liggur fyrir - Málsnr. 2208028SA

Niðurstaða:

Málið rætt. SNS leggur fram tillögu.

4. Önnur mál.

Rætt um betri vinnutíma og mikilvægi þess að koma á fundi í innleiðingarhópi þar sem unnið verður í fyrirbyggjandi málum. Stefnt að því að funda í vikunni 30. janúar – 3. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:05.